



Fundur hjá stjórn Foreldrafélags Akurskóla

Haldinn 12. september 2010

Mættir: Guðmundur Þórðarson, Guðmunda Hergeirsdóttir og Hulda K. Hjaltadóttir

1. Hrefna D. Viðarsdóttir og Kartrín Ó. Pétursdóttir hafa ákveðið að draga sig úr stjórn FFA, af þeim sökum þarf að kjósa inn tvo nýja stjórnarmenn á fyrsta opna félagsfundinum 13. september.
2. Undirbúningur fyrir opna félagsfundinn. Fyrir utan kosningu á stjórnarmönnum þarf að kjósa í ritnefnd og ritfanganefnd auk þess að fylla í allar stöður bekkjarfulltrúa. Á námsefnakynningum í síðustu viku gáfu margir kost á sér sem bekkjarfulltrúar í 1.bekk og 4.-6. bekk en vantar enn bekkjarfulltrúa í 2.-3. bekk og 8.-10. bekk. Rætt um að páskanefnd, jólanefnd og skólapeysunefnd verði í höndum bekkjarfulltrúa viðkomandi bekkjardeilda.
3. Rætt um að styðja áfram við verkefnið „Ég og þú, þú og ég“ í vetur
4. Umjónakennari 1. bekkjar sendi inn beiðni um fjárstyrk frá FFA til að fá rithöfundinn Sigrúnu Eldjárn í skólann á degi íslenskrar tungu í tengslum við verkefni sem ber heitið „brúum bilið“ Á síðasta skólaári var samskonar styrkur veittur. Beiðnin var samþykkt út frá sömu forsendum og í fyrra, 16.000,- kr.
5. Ákveðið að næsti fundur verði haldinn 20. September.

Fundi slitið.

Fundaritari: Guðmunda Hergeirsdóttir